# BÓKMENNTIR

**Eftir Þröst Helgason**
throstur@mbl.is

•••

Sænski gagnrýnandinn Per Israelsson hefur íslensku barnabókina *Ég vil fisk* í hópi þeirra þriggja bóka sem hann mælir sérstaklega með til jólagjafa í bókablaði *Svenska Dagbladet* í vikunni. *Ég vil fisk* er eftir Áslaugu Jónsdóttur og kom út á fimm tungumálum í vor: íslensku, dönsku, sænsku, færeysku og grænlensku. Sænska forlagið Kabusa prentaði á dögunum nýtt upplag af bókinni.



**Áslaug Jónsdóttir**

Per ritdæmdi *Ég vil fisk* í *Dagens Nyheter* fyrr á árinu og eru meðmæli hans nú samhljóða dómnum þá: „Opnir fletir og kantaður stíll í blandaðri myndtækni skapa þá nauðsynlegu nánd sem á hnífskarpan hátt dregur fram mögnun tungumálsins og sjálfsvitundarinnar í þessum djúptæka fjölskylduleik. Snilld!“

•••